

Mál nr. 165/2018

**M og
V v. fjölskyldutryggingar**

Krafa ekkju um dánarbætur eftir látinn eiginmann sinn þ. 31.5.2017

Gögn.

Málskot mótttekið þ. 24.5.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-14

Bréf V dags. 15.6.2018

Málsatvik.

Eiginmaður M lést þ.31.maí 2017, en hann var einn heima í umrætt sinn. Niðurstaða krufningsskýrslu var að hann hefði látist vegna heilabæðingar sem hann hefði hlotið við fall, líklegast af slysförum. M krefst bóta úr fjölskyldutryggingu hjá V. V viðurkennir bótaskyldu, en vill skerða bætur um 2/3 og telur að eiginmaður M hafi valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi, en hann hafi mælst með 2.894 prómill alkahóls í blóði. M krefst fullra bóta og telur að ölvun ein og sér hafi ekki sömu réttaráhrif og stórkostlegt gáleysi og skilyrði 1.mgr. 90.gr. 1.nr.30/2004 laga um vátryggingasamninga til skerðingar bóta séu ekki uppfyllt. Þá byggir M á því að V þurfi að sanna orsakatengsl á milli ölvunar mannsins og andláts hans, en ekki sé ljóst með hvaða hætti nákvæmlega andlát hans bar að. V telur sök vátryggðs vera verulega þegar litið er til atvika málsins í heild. Mikið áfengismagn haf mælst í blóði mannsins eða 2.89 prómill, en einnig sé litið til þess hvernig vátryggingaratburð bar að, en hinn látni hafi fallið fram fyrir sig í tröppum sem séu aðeins þrjú þrep. Þá bendir V á að ekkert á vettvangi bendi til þess að aðrir þættir en ölvunarástand hins látna hafi haft þar áhrif. V vísar til krufningsskýrslu varðandi orsakatengsl á milli ölvunar hins látna og slyssins. V telur að öllu þessu virtu rétt að skerða bætur um 2/3

Álit.

Áfengismagn í útæðablóði M mældist 2.89 prómill og í hjartablóði 3.13 prómill. Hinn látni var því svo ölvaður að hreyfigeta hans var verulega takmörkuð og sýndi hinn látni af sér stórkostlegt gáleysi með því að koma sér í það ástand, sem leiddi til slyssins. Slysið varð á heimili M þar sem honum voru allir hlutir kunnugir. Ekki liggja fyrir vísbendingar um aðrar ástæður en þær sem rekja má til ölvunar hins látna sem geti hafa valdið því að hann féll í umrætt sinn og má því ganga út frá því að slysið megi rekja til þess, að hinn látni hafi misst jafnvægið vegna ölvunarástands síns og fallið. Eins og atvikum er háttað þykir stórkostlegt gáleysi hins látna réttlæta það að skerða bætur til hans um helming.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni vegna slyss sem leiddi eiginmann hennar til dauða, en skerða skal bætur um helming vegna stórkostlegs gáleysis hins látna.

Reykjavík 31.7. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður.

Jón Magnússon lögmaður.